



Þorgerður Ólafsdóttir
Reynigrund 17
200 Kópavogur

Garðabær, 25. júní 2025
202503-0047/S.V.
10.01.01

Efni: Fararleyfi til Surtseyjar – kvikmynda- og ljósmyndataka

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Þorgerður Ólafsdóttir, dagsetta 5.3.2025 um leyfi til að fara til Surtseyjar 15. - 18. júlí n.k. með vísindafólki sem verður við rannsóknir á eyjunni á þeim tíma.

Surtsey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 50/2006, með breytingum sbr. auglýsing nr. 468/2011. Óheimilt er að fara í land í Surtsey nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.

Lýsing verkefnis:

Verkefnið snýr að áframhaldandi listrannsókn, miðlun og myndlistarverkefni, *Island Fiction* og hófst sumarið 2021 þegar umsækjandi fékk fararleyfi til Surtseyjar með vísindafólki. Í verkefninu hefur hún lagt áherslu á að beina ljósi á margrætt samspil náttúru, dýra og mannsins á Surtsey.

Verkið í tengslum við Surtsey mun vera einskonar kortlagning á breytileika staðar, af náttúrulegum völdum en einnig vegna mannsins. Aðal áherslan og markmiðið er að halda áfram á þeirri braut og taka upp vídeó af eyjunni allri með 360° myndavél. Einnig að skrásetja umhverfi

eyjarinnar á göngu með go-pro myndavél, taka upp frekara myndefni (Tanginn, fótsporin, máfabýggðin) og tína upp rusl og annað smálegt rekaefni upp af strandlengju eyjarinnar að höfðu samráði við eftirlitsmann Náttúruverndarstofnunar.

Fyrirhugað er að miðla afrakstri verkefnisins á tveimur sýningum, annars vegar samsýningu íslenskra og japanskra listamanna í Svavarssafni á Höfn með heitinu *Geological Rhapsodies* sem einnig stefnt er að ferðast með til Japan á þessu eða næsta ári og hins vegar á Atelier Nord í Osló með vinnuheitinu *Geographies of Time* en sú sýning er áætluð árið 2026.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur umrætt verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins

Skilyrði:

- Leyfið gildir eingöngu fyrir umsækjandann, Þorgerði Ólafsdóttur.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir þátttakendum í leiðangrinum þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður lagt er af stað til eyjarinnar.
- Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu ef umsækjandi kemst ekki með á áætluðum tíma.
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Virða skal þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám og þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.
- Ef í ljós kemur að hreinsun fatnaðar og/eða búnaðar er ábótavant getur eftirlitsmaður farið fram á að búnaður sé skilinn eftir, frestað för þar til úrbætur hafa farið fram eða farið fram á að fararleyfi viðkomandi sé afturkallað.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Halda skal umferð um mávabyggðir í lágmarki. Sérstaklega skal gæta þess að styggja ekki ófleyga ungfugla. Einnig skal gæta þess að styggja ekki þá seli sem mögulega kunna að dvelja í fjörum á norðanverðri eyinni.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem til fellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins og einungis fara um eyjuna í samráði við eftirlitsmann og leiðangursstjóra.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Gæta skal þess að trufla ekki vinnu vísindamanna við myndatökurnar án þeirra samþykkis.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í vísindaleiðangrinum verður Ragnheiður Björk Sigurðardóttir sérfræðingur og starfsmaður Náttúruverndarstofnunar

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir
sérfræðingur

Sigrún Valgarðsdóttir
sérfræðingur